



Fundargerð

**500. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps
haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4,
miðvikudaginn 20. desember 2023, klukkan 11:30.**

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti, setti fundinn klukkan 11.30 og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti greindi frá því að þetta væri 500 hundraðasti fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2312034 - Breyting á útsvarsprósentu

Hækkun útsvarsálagningar vegna fjármögnunar þjónustu við fatlað fólk. Fyrir liggur samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15. desember 2023, varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar

Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirbyggjandi samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15. desember 2023, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 15. desember 2023, samþykkir sveitarstjórn Skaftárhrepps samhljóða að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2024 hækki um 0,23% og verði 14,97%.

2. 2312035 - Afskriftir

Lagður fram listi til afskrifta.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að afskrifa skv. framlögðum lista krónur 2.433.423-

BHS

J.S. AG
Shi.
GSS



Mál til kynningar

3. 2312036 - Starfsmannamál

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu.

Gengið hefur verið frá ráðningu í stöðu fjármála- og skrifstofustjóra Skaftárhrepps.

Ráðin hefur verið Dagný Kapítóla Sigurðardóttir.

Dagný hefur starfað hjá Sveitarfélaginu Árborg í tæplega sjö ár, fyrst sem sérfræðingur á fjármálasviði og sem deildarstjóri hagdeildar síðan 2021.

Dagný hefur ágætis reynslu af stjórnun, áður en hún hóf störf hjá Árborg, starfaði hún meðal annars hjá Sparisjóði Suðurlands og Landsbanka Íslands, meðal annars sem útibússtjóri. Dagný hefur góða þekkingu á rekstri sveitarfélaga. Dagný útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Akureyri árið 2006 og stundar nú framhaldsnám í opinberri stjórnáslu við Háskóla Íslands.

Sveitarstjórn býður Dagnýju Kapítólu velkomna í starfsmannahóp Skaftárhrepps.


Fleira ekki gert,
fundi slitið klukkan 11.51.


Johannes Gissurarson


Björn Helgi Snorrason


Gunnar Pétur Sigmarsson


Auður Guðbjörnsdóttir


Sveinn Hreiðar Jensson